



Borgarráð Reykjavíkur

Ráðhúsi Reykjavíkur

Umsögn um erindi Húsfélagsins Álftamýri 46-52 varðandi styrkumsókn til uppsetningar hleðslustöðva fyrir rafbíla

Skrifstofu umhverfisgæða, Umhverfis- og skipulagssviði, hefur borist til umsagnar erindi Húsfélagsins Álftamýri 46-52 dagsett 23. september 2019 þar sem gerðar eru athugasemdir við svör sviðsins við fyrirspurn húsfélagsins um styrk úr styrktarsjóði ætluðum fjöleignarhúsum til uppsetningar á hleðslustöðvum fyrir rafbíla. Beðist er velvirðingar á hve seint umsögnin berst.

Þann 9. apríl sl. undirrituðu borgarstjóri og forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur samkomulag um uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum í Reykjavík. Samkvæmt samkomulaginu var komið upp sjóði sem ætlað er að styrkja fjöleignarhús til uppsetninga á hleðslustöðvum fyrir rafbíla. Formaður stjórnar Húsfélagsins Álftamýri 46-52 leitaði til borgarinnar með tölvupósti 24. maí sl. og óskaði upplýsinga um hvernig sækja mætti um styrk úr sjóðnum þar sem húsfélagið hefði verið í slíkum framkvæmdum. Undirritaður svaraði erindinu á þá leið að verið væri að vinna úthlutunarskilmála fyrir sjóðinn, að því yrði líklega lokið í júní og þá yrði haft samband við húsfélagið. Samkvæmt framangreindu samkomulagi skulu Reykjavíkurborg og OR sammælast um úthlutunarskilmála sjóðsins áður en hann tekur til starfa. Þegar úthlutunarskilmálar sjóðsins höfðu verið samþykktir í borgarráði þann 27. júní sl. upplýsti undirritaður formann húsfélagsins með tölvupósti dags. 5. júlí sl. að verkefni húsfélagsins væri ekki styrkhæft þar sem það var framkvæmt áður en sjóðurinn tók til starfa. Samkvæmt 4. mgr., 6. gr. úthlutunarskilmála er ekki veittur styrkur til framkvæmda sem eru hafnar eða lokið þegar sótt er um styrk. Meðfylgjandi eru úthlutunarskilmálar sjóðsins og samkomulag Reykjavíkurborgar og OR.

Virðingarfyllst,

Guðmundur B. Friðriksson
skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða

Hjálagt:

Samkomulag um uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum í Reykjavík
Reglur um styrki vegna hleðslubúnaðar fyrir rafbíla við fjöleignarhús

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Orkuveita Reykjavíkur (OR), kt. 551298-3029 og Veitur ohf., kt. 501213-1870 (Veitur) gera með sér svofellt

Samkomulag um uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum í Reykjavík

1. gr. Markmið

Samningsaðilar hafa allir sett sér metnaðarfull og nauðsynleg loftslagsmarkmið og aðgerðaáætlanir til að ná þeim. Auk eigin starfsemi ná áætlanir þeirra til að sporna við hlýnun jarðar einnig til þess að auðvelda almenningi að draga úr losun sinni. Umhverfisvænni samgöngur – að hjóla, ganga, nýta almenningssamgöngur eða aka á bílum sem ganga fyrir hreinni orku – eru þar lykilatriði.

Markmið aðila með samkomulagi þessu er að koma upp hleðslubúnaði fyrir rafbíla þeim til afnota sem síður geta komið slíkum búnaði heima fyrir og starfsfólk Reykjavíkurborgar. Er að síðustu markmið samkomulags þessa að hvetja húsfélög fjöleignarhúsa að koma upp hleðslubúnaði fyrir rafbíla.

2. gr. Verkefni

Samningsaðilar munu vinna að uppbyggingu á innviðum til hleðslu rafbíla í Reykjavík með eftirfarandi hætti.

- a. Innviðir fyrir hleðslubúnað rafbíla verða byggðir upp á þrjátíu (30) fyrirfram ákveðnum stöðum á borgarlandi, samkvæmt meðfylgjandi tillögu á fylgiskjali með samkomulagi þessu, en aðilar munu sammælast um endanlegar staðsetningar eftir undirritun samkomulagsins.
- b. Innviðir fyrir hleðslubúnað verða byggðir upp á allt að tuttugu (20) stöðum á ári í þrjú ár á borgarlandi með það að markmiði að þjóna íbúum sem ekki hafa bílastæði á eigin lóð. Óskað verður eftir tillögum íbúa um staðsetningar. Reykjavíkurborg og Veitur munu velja endanlegar staðsetningar til samræmis við fjölda íbúa, aðra þörf og hagvæmnisjónarmið eftir undirritun samkomulags þessa.
- c. Komið verður á fót sjóði til að úthluta styrkjum í þeim tilgangi að koma upp hleðslubúnaði fyrir rafbíla á lóðum fjöleignarhúsa, samkvæmt umsókn viðkomandi húsfélags um styrk.

3. gr. Hlutverk

- a. Veitur ohf. munu annast og kosta lagningu nauðsynlegra rafmagnsstrengja að væntanlegum hleðslubúnaði vegna uppbyggingar innviða samkvæmt 4. gr. samkomulags þessa.
- b. Reykjavíkurborg mun, sjálf eða með samkomulagi við þriðja aðila, leggja til bílastæði og merkingar og annast allan yfirborðsfrágang eftir framkvæmdir á borgarlandi og lóðum stofnana Reykjavíkurborgar vegna uppbyggingar innviða samkvæmt 4. gr. samkomulags þessa.

- c. Reykjavíkurborg mun í opnu gagnsæju ferli, auglýsa aðstöðuna og rekstur hleðslustöðvanna. Komi til þess að greiða þurfi með þjónustu vegna einstakra hleðslustöðva, skv. tilboði þjónustuaðila, munu Reykjavíkurborg og OR skipta slíkri meðgjöf jafnt á milli sín, skv. sérstöku samkomulagi sem verður gert þar um.
- d. Reykjavíkurborg mun óska eftir framlagi ríkisins og samstarfi um verkefni skv. samkomulagi þessu.

4. gr.

Innviðir skv. a. og b. lið 2. gr.

- a. Í upphafi verður settur upp einn (1) hleðslubúnaður á hverjum stað. Búnaðurinn verður fyrir tvö bílastæði með tveimur tenglum, 2x32 A, þriggja fasa.
- b. Hleðslubílastæðin skulu vera skýrt afmörkuð og eingöngu ætluð til hleðslu rafbíla.
- c. Gert verður ráð fyrir að hleðslustæðum geti fjölgað í allt að sex (6) á hverjum stað. Skilyrt er að hleðslum verði álagsstýrt þannig að álag á rafmagnsfæðingu fari ekki yfir tiltekna afkastagetu. Aðilar munu hafa samráð um endanlega útfærslu álagsstýringar.
- d. Þjónustuaðilar munu koma til með að selja hleðsluþjónustu til rafbílaeigenda, reka viðskiptakerfi, greiða dreifingarkostnað rafmagns, annast rekstur búnaðarins og bera ábyrgð á skilum upplýsinga um nýtingu hans til Reykjavíkurborgar.
- e. Hleðslubúnaðurinn skal auk þjónustuaðila merktur Reykjavíkurborg, OR og Veitum.

5. gr.

Kostnaður vegna innviða

Samningsaðilar skulu standa straum af kostnaði vegna efnis og vinnu vegna eigin þátttöku í verkefninu. Vegna tekjumarka dreifiveitu rafmagns skal Reykjavíkurborg upplýsa Veitur um kostnað sinn vegna yfirborðsfrágangs og skulu Veitur taka tillit til mismunar þess kostnaðar og þess sem annars hefði innheimst vegna heimlagngjalda við tekjumarkauðtreikning sinn

Reykjavíkurborg mun standa straum af kostnaði leyfa vegna framkvæmda í borgarlandi.

6. gr.

Styrkur til fjöleignarhúsa

Reykjavíkurborg og OR munu, hvor um sig, leggja fram kr. 20.000.000 (alls kr. 60.000.000 hvor aðili) í sjóð á ári í 3 ár, sbr. c. lið 2. gr. samkomulags þessa.

Úr sjóðnum verða veittir styrkir til húsfélaga í fjöleignarhúsum með íbúðum samkvæmt eftirfarandi skilmálum:

- a. Styrkur verður einungis veittur húsfélögum en ekki einstaka eigendum.
- b. Húsfélag skal sjálfst leggja til bílastæði og aðra aðstöðu vegna hleðslubúnaðar á lóð fjölbýlishússins.
- c. Hleðslubúnaður fyrir rafbíla skal aðgengilegur öllum íbúum viðkomandi fjölbýlishúss.
- d. Hver einstakur styrkur skal ekki nema hærri fjárhæð en 1,5 mkr. og skal fjárhæð styrks aldrei fara yfir 67% af heildar framkvæmdakostnaði við uppsetningu hleðslubúnaðar. Kostnaður sem fellur undir framkvæmdakostnað er m.a. efniskostnaður, ráðgjafakostnaður, vinna rafvirkja við

tengingar, fæðing að hleðslustæði, hleðslubúnaður, jarðvinna og frágangur, auk stofngjalds vegna heimlagar ef þörf er á.

- e. Styrkur verður greiddur við lok framkvæmda samkvæmt framlögðum reikningum og að því gefnu að hleðslubúnaður hafi verið tekinn í notkun.
- f. Reykjavíkurborg og OR munu sammælast um endanlega úthlutunarskilmála sjóðsins, þar með talið hámarks fjárhæðar styrks og hlutfalls heildarkostnaðar, áður en hann tekur til starfa.

7. gr. Samráð og endurmat

Umsjón samkomulags þessa skal vera í höndum samráðshóps sem samanstendur af fulltrúum Reykjavíkurborgar, OR og Veitna, einum fulltrúa frá hverjum aðila.

Rýna skal framvindu og árangur af verkefninu einu sinni á ári á samningstímanum. Sérstaklega skal litið til þess hvort styrkir og tilhögun verkefnisins þjóni þeim tilgangi sem að var stefnt.

8. gr. Samningstími

Gildistími samkomulags þessa er frá undirritun þess til ársloka 2022.

Hvorum aðila er á samningstíma heimilt að óska eftir endurskoðun á ákvæðum samkomulags þessa verður sýnt fram að forsendur hafi breyst eða standist ekki.

Rísi ágreiningur milli aðila um efni samkomulags þessa skal samráðshópur leitast við að leysa þann ágreining. Náist ekki samkomulag með aðilum skal hverjum aðila samkomulagsins heimilt að skjóta slíkum ágreiningi til Héraðsdóms Reykjavíkur.

Samkomulag þetta er undirritað í þremur eintökum og er eitt eintak fyrir hvern samningsaðila..

Reykjavík, 4. apríl 2019

f.h. Orkuveitu Reykjavíkur

f.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Veitna ohf.

Bjarni Bjarnason

Dagur B. Eggertsson

Inga Dóra Hrólfsdóttir

FYLGISKJAL

Staðsetning hleðslubúnaðar rafbíla samkvæmt a. lið 2. greinar samkomulagsins:

Hverfi	Staðsetning
Austurbær	Barónstígur við Sundhöll Reykjavíkur.
Álftamýri	Álftamýri við Háaleitisskóla.
Árbær	Rofabær við Ársel.
Ártún	Spöng.
Borgir og Engi	Móavegur við verslunarmiðstöð.
Fell	Á horni Norðurfells og Iðufells.
Foldir	Logafold við verslanamiðstöð.
Grafarholt 1	Maríubaugur við leikskólann Maríuborg.
Grafarholt 2	Gvendargeisli við leikskólann Reynisholt.
Grandar	Rekagrandi við leikskólann Gullborg.
Hagar og Melar	Neshagi við íþróttahús Hagaskóla.
Hamrar	Bílastæði við Sporhamra.
Háaleiti	Á horni Smáagerðis og Stóragerðis.
Háteigur	Bólstaðarhlíð, til móts við númer 58
Heimar og Vogar	Gnoðarvogur, til móts við númer 20
Hlíðar	Hörgshlíð, bílastæði við Hlíðaskóla
Hólar	Vesturhólar, bílastæði.
Hús	Hlíðarhús við Eir.
Laugarnes	Laugardalslaug.
Neðra Breiðholt	Bílastæði við Breiðholtsskóla.
Norðlingaholt	Norðlingabraut, bílastæði við Þingtorg.
Norðurmýri	Bílastæði við Kjarvalsstaði.
Rimar	Á horni Langarima og Hrísríma.
Sel	Rangársel, við Seljakirkju.
Selás	Á bílastæði við Selásskóla.
Smábúðahverfi	Við Hæðargarð og Hólmgarð.
Staðir	Barðastaðir, á lóð skólans.
Úlfarsárdalur	Við Dalsskóla
Vesturbær	Á Sólvallagötu við Vesturbæjarskóla.
Víkur	Á bílastæði Kelduskóla.



Reglur um styrki vegna hleðslubúnaðar fyrir rafbíla við fjöleignarhús

1. gr.

Gildissvið

Reglur þessar taka til styrkja sem Reykjavíkurborg og Orkuveita Reykjavíkur veita til húsfélaga fjöleignarhúsa í Reykjavík til kaupa, uppsetningar og tengingar á hleðslustöðvum fyrir rafbíla á sameiginlegum bílastæðum á lóð viðkomandi fjöleignarhúss. Grundvöllur styrkveitinga er samkomulag Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur um uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum í Reykjavík dags. 4. apríl 2019. Aðilar hafa ákveðið að setja allt að 40 milljónir á ári í þrjú ár til styrktar uppsetningum á hleðslustöðvum fyrir rafbíla við fjöleignarhús, eins og nánar greinir frá í reglum þessum.

2. gr.

Það sem veitur er styrkur til

Veittur er styrkur til eftirfarandi þátta:

- a. Kostnað vegna ráðgjafar sérfræðinga um hönnun hleðsluáðstöðu fyrir rafbíla við viðkomandi fjöleignarhús.
- b. Allan efniskostnað við að koma upp hleðslubúnaði fyrir rafbíla á lóð viðkomandi fjöleignarhúss þ.m.t. hleðslustöð, raflagnaefni og festingar.
- c. Vinnu jarðvinnuverktaka og iðnaðarmanna við að koma fyrir raflögnum, setja upp hleðslustöðvar, tengingar raflagna og yfirborðsfrágang.
- d. Kostnaður við leyfisveitingar og heimtaugagjald.

3. gr.

Umsóknir og skil á gögnum

Fulltrúi húsfélags skal sækja um rafrænt á „mínar síður“ á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is. Umsókn skal skila og fá samþykkt áður en búnaður er keyptur og framkvæmdir hafnar. Þó er heimilt að leita ráðgjafar sbr. a-lið 2. gr. áður en sótt er um styrk.

Með umsókn skal skila lýsingu á framkvæmdinni, fjölda og staðsetningu hleðslustöðva sem áætlað er að setja upp, kostnaðaráætlun, tilboðum verktaka og hversu háan styrk sótt er um. Jafnframt skal fylgja lýsing á því hvernig gjaldfærslu fyrir notkun hleðslustöðvanna er háttáð.

Umsókn skal fylgja samþykki húsfélags fyrir framkvæmdinni og breyttri notkun bílastæða sem ætluð eru til hleðslu rafbíla.

Ljúka skal framkvæmdum innan 6 mánaða frá því umsókn er samþykkt. Sé framkvæmdum ekki lokið innan þess tíma fellur vilyrði um styrk niður og þarf að sækja um að nýju. Að loknu verki skal skila afriti af kvittunum fyrir öllum kostnaði sem sótt er um styrk fyrir, yfirlýsingu löggilds rafverktaka um að verki sé lokið og uppfylli allar kröfur þ.m.t. lokatilkynning til Mannvirkjastofnunar, ljósmynd af hleðslustöðvum og er þá greiddur út styrkurinn.

4. gr.

Kröfur til hleðslubúnaðar og raflagna

Hleðslubúnaður sem settur er upp, lagnir og allur frágangur skal uppfylla í öllu kröfur í íslenskri löggjöf til raflagna og -kerfa og frágangs á þeim. Vinna við raflagnir og tengingar skal unnin af löggiltum rafverktaka. Fylgja skal leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar „*Hleðsla rafbíla og raflagnir*“.

5. gr.

Styrkuppþæð

Hámarks styrkuppþæð til hvers húsfélags er 1,5 m.kr, ein og hálf milljón króna, þó aldrei meira en sem nemur 67% af heildarkostnaði verksins með virðisaukaskatti, skv. 2. gr. sem greiddur er í samræmi við framlagða reikninga skv. 3. gr.

6. gr.

Takmarkanir á styrkveitingu

Styrkur er veittur til fjölbýlishúsa með íbúðum (íbúðarhúsa) vegna hleðslubúnaðar sem settur er upp á sameiginlegum bílastæðum innan lóðar húsfélagsins.

Hleðslustöðvar skulu vera aðgengilegar öllum íbúum húsfélagsins. Þetta krefst þess að hleðslustöðvarnar séu í eigu og umsjón húsfélagsins og hugað sé í upphafi að því hvernig kostnaði er skipt á milli þeirra sem nota hleðsluáðstöðuna. Hleðslustöðin skal geta haft samskipti (t.d. gsm) við miðlæga gagnasöfnun, sent upplýsingar um notkun og hleðslutíma til reikningsfærslu á hleðsluþjónustunni, vera búin búnaði til auðkenningar t.d. Rfid (Radio Frequency Identification) og hafa möguleika á álagsstýringu (t.d. skv. staðli OCPP 1.6) a.m.k. í framtíðinni.

Styrkur er greiddur á kennitölu skráðs húsfélags skv. fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra en ekki til einstaklinga. Búsetufélög eða aðrir lögaðilar geta ekki sótt um styrk.

Ekki er veittur styrkur til húsa í byggingu og ekki er veittur styrkur til framkvæmda sem eru hafnar eða lokið þegar sótt eru um styrk.

Styrkur er eingöngu veittur til fjöleignarhúsa með 5 íbúðum eða fleiri samkvæmt skráningum fasteigna hjá Þjóðskrá Íslands.

Gerð er krafa um að viðkomandi húsfélag reki hleðsluáðstöðuna í að minnsta þrjú ár frá uppsetningu, að öðrum kosti áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefja húsfélagið um endurgreiðslu styrksins.

Styrkir eru greiddir í samræmi við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur hverju sinni og umsóknir afgreiddar í þeirri röð sem þær berast. Fari skuldbindingar til styrkja á einhverjum tíma umfram höfuðstól sjóðsins má vísa óafgreiddum umsóknum til úthlutunar næsta árs. Um slíkar umsóknir gildir áfram að umsókn skuli fá samþykkt áður en búnaður er keyptur og framkvæmdir hafnar.

7. gr.

Ákvæði til bráðabirgða

Í upphafi verður gert frávík frá þeirri reglu að úthluta í þeirri röð sem umsóknir berast, sbr. 7. mgr. 6. gr. Gefinn verður frestur til 1. september 2019 til umsókna um styrk frá birtingu reglna þessara. Að þeim fresti loknum verður umsóknum forgangsraðað, í fyrsta lagi eftir fjölda hleðslustaða og í öðru lagi eftir kostnaði þar sem lægri kostnaði á hvern hleðslustað, er raðað frammar hærri kostnaði.

8. gr.

Ágreiningsmál og breytingar á reglum

Ágreiningsmálum varðandi styrkveitingar samkvæmt þessum reglum getur íbúðareigandi skotið til borgarráðs Reykjavíkur.

Breytingar, sem samþykktar kunna að verða á reglum þessum, hafa ekki áhrif á styrkveitingu til þeirra, sem áður hafa fengið jákvætt svar við styrkumsókn, sbr. þó 3. mgr., 3. gr.

Reglur þessar voru samþykktar í borgarráði Reykjavíkur 27. júní 2019

23. sep. 2019

Bréfalykill: 1252

Reykjavíkurborg

Borgarráðsfulltrúi til vara Pawel Baroszek

Ráðhúsi Reykjavíkur

101 Reykjavík.

23. september 2019.

Styrkur vegna átaks í innviðum fyrir rafbíla.

Fyrir hönd stjórnar húsfélagsins að Álftamýri 46 til 52 förum fram á það að framkvæmd sú sem við létum gera vorið 2019 að setja upp hleðslustæði fyrir rafbíla við fjölbýlishúsið að Álftamýri 46 til 52 verði metin sem styrkhæf hjá styrktarsjóði Reykjavíkurborgar og Orkuveitunnar.

Leikreglurnar fyrir styrktarsjóðinn voru ekki samþykktar fyrr en í júní síðastliðinn en þá bregður svo við að eina fjölbýlishúsið sem hefur sett upp þjónustu við rafbíla sem stenst reglurnar að öðru leiti er sett til hliðar við úthlutun af því að framkvæmdir voru ekki samþykktar af stjórn sjóðsins fyrir framkvæmdir.

Það var sérkennilegt fyrir íbúa fjölbýlishúss að verða fyrir þeirri reynslu eftir að vera í fararbroddi með að setja upp hleðslu fyrir rafbíla á bílastæði utanhúss við fjöleignarhús skuli vera eina húsið sem ekki á rétt á því að fá slíkan styrk. Sérstaklega þegar það kemur svo í ljós að reglurnar um úthlutun falla algerlega að þeirri framkvæmd.

Það getur ekki fallist undir jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga að útiloka eina fjölbýlishúsið á þeirri forsendu einni að framkvæmdum lauk einhverjum vikum áður en reglurnar voru fullgerður og útlioka þannig húsið sem er búið að vinna frumraunina. Starfsmönnum Orkuveitunnar er það fullljóst að það eru ekki fleiri fjölbýlishús sem koma til greina til úthlutanar þar sem framkvæmdin stenst reglur að öðru leyti.

Það er ákaflega snautlega að þessu staðið að hálfu Reykjavíkurborgar og verður að segja að svona framkoma að hálfu Reykjavíkurborgar er ekki til fyrirmyndar og getur vart staðist lög.


Við vonumst til þess að Reykjavíkurborg sjái að sér í málinu og förum við fram á það að málið fái smá umhugsun og endurskoðun og fjölbýlishúsið að Álftamýri 46 til 52 verði metið til jafns við aðra við úthlutun úr styrktarsjóði.

Kær kveðja

Fyrir hönd hússtjórnar Álftamýri 46 til 52

Björn Vernharðsson formaður

Afrit til íbúa fjölbýlishússins að Álftamýri 46 til 52.



Málsnr.: R19090295
Skjalasafn Ráðhúss

25. sep. 2019

Bréfalykill: 1252

Reykjavíkurborg

Borgarráðsfulltrúi til vara Pawel Baroszek

Ráðhúsi Reykjavíkur

101 Reykjavík.

23. september 2019.

Styrkur vegna átaks í innviðum fyrir rafbíla.

Fyrir hönd stjórnar húsfélagsins að Álftamýri 46 til 52 förum fram á það að framkvæmd sú sem við létum gera vorið 2019 að setja upp hleðslustæði fyrir rafbíla við fjölbýlishúsið að Álftamýri 46 til 52 verði metin sem styrkhæf hjá styrktarsjóði Reykjavíkurborgar og Orkuveitunnar.

Leikreglurnar fyrir styrktarsjóðinn voru ekki samþykktar fyrr en í júní síðastliðinn en þá bregður svo við að eina fjölbýlishúsið sem hefur sett upp þjónustu við rafbíla sem stenst reglurnar að öðru leiti er sett til hliðar við úthlutun af því að framkvæmdir voru ekki samþykktar af stjórn sjóðsins fyrir framkvæmdir.

Það var sérkennilegt fyrir íbúa fjölbýlishúss að verða fyrir þeirri reynslu eftir að vera í fararbroddi með að setja upp hleðslu fyrir rafbíla á bílastæði utanhúss við fjöleignarhús skuli vera eina húsið sem ekki á rétt á því að fá slíkan styrk. Sérstaklega þegar það kemur svo í ljós að reglurnar um úthlutun falla algerlega að þeirri framkvæmd.

Það getur ekki fallist undir jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga að útiloka eina fjölbýlishúsið á þeirri forsendu einni að framkvæmdum lauk einhverjum vikum áður en reglurnar voru fullgerður og útlíka þannig húsið sem er búið að vinna frumraunina. Starfsmönnum Orkuveitunnar er það fullljóst að það eru ekki fleiri fjölbýlishús sem koma til greina til úthlutanar þar sem framkvæmdin stenst reglur að öðru leyti.

Það er ákaflega snautlega að þessu staðið að hálfu Reykjavíkurborgar og verður að segja að svona framkoma að hálfu Reykjavíkurborgar er ekki til fyrirmyndar og getur vart staðist lög.

Við vonumst til þess að Reykjavíkurborg sjái að sér í málinu og förum við fram á það að málið fái smá umhugsun og endurskoðun og fjölbýlishúsið að Álftamýri 46 til 52 verði metið til jafns við aðra við úthlutun úr styrktarsjóði.

Kær kveðja

Fyrir hönd hússtjórnar Álftamýri 46 til 52

Þjórn Vernharðsson formaður

Afrit til íbúa fjölbýlishússins að Álftamýri 46 til 52.

Reykjavíkurborg

Borgarráðsfulltrúi Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Ráðhúsi Reykjavíkur

101 Reykjavík.

23. september 2019.

Styrkur vegna átaks í innviðum fyrir rafbíla.

Fyrir hönd stjórnar húsfélagsins að Álftamýri 46 til 52 förum fram á það að framkvæmd sú sem við létum gera vorið 2019 að setja upp hleðslustæði fyrir rafbíla við fjölbýlishúsið að Álftamýri 46 til 52 verði metin sem styrkhæf hjá styrktarsjóði Reykjavíkurborgar og Orkuveitunnar.

Leikreglurnar fyrir styrktarsjóðinn voru ekki samþykktar fyrr en í júní síðastliðinn en þá bregður svo við að eina fjölbýlishúsið sem hefur sett upp þjónustu við rafbíla sem stenst reglurnar að öðru leiti er sett til hliðar við úthlutun af því að framkvæmdir voru ekki samþykktar af stjórn sjóðsins fyrir framkvæmdir.

Það var sérkennilegt fyrir íbúa fjölbýlishúss að verða fyrir þeirri reynslu eftir að vera í fararbroddi með að setja upp hleðslu fyrir rafbíla á bílastæði utanhúss við fjöleignarhús skuli vera eina húsið sem ekki á rétt á því að slíkan styrk. Sérstaklega þegar það kemur svo í ljós að reglurnar um úthlutun falla algerlega að þeirri framkvæmd.

Það getur ekki fallist undir jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga að útiloka eina fjölbýlishúsið á þeirri forsendu einni að framkvæmdum lauk einhverjum vikum áður en reglurnar voru fullgerður og útlioka þannig húsið sem er búið að vinna frumraunina. Starfsmönnum Orkuveitunnar er það fullljóst að það eru ekki fleiri fjölbýlishús sem koma til greina til úthlutanar þar sem framkvæmdin stenst reglur að öðru leyti.

Það er ákaflega snautlega að þessu staðið að hálfu Reykjavíkurborgar og verður að segja að svona framkoma að hálfu Reykjavíkurborgar er ekki til fyrirmyndar og getur vart staðist lög.

Við vonumst til þess að Reykjavíkurborg sjái að sér í málinu og förum við fram á það að málið fái smá umhugsun og endurskoðun og fjölbýlishúsið að Álftamýri 46 til 52 verði metið til jafns við aðra við úthlutun úr styrktarsjóði.

Kær kveðja

Fyrir hönd hússtjórnar Álftamýri 46 til 52

Þjörn Vernharðsson formaður

Afrit til íbúa fjölbýlishússins að Álftamýri 46 til 52.

